



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 4. Mars 2021
Tilvísun: 202102-0040

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rafræna birtingu álagningar- og skattskrár.

Óskað hefur verið eftir umsögn Alþýðusambands Íslands um ofangreint mál, tillögu til þingsályktunar um rafræna birtingu álagningar- og skattskrár. Lagt er til að Alþingi álykti að álagningar- og skattskrár verði birtar rafrænt og séu opinberar þar til ný skrá sé birt ári síðar. Málið er nú endurflutt í fjórða sinn og hefur Alþýðusambandið áður veitt umsögn¹.

Alþýðusambandið telur að opinber skatt- og álagningarskrá, sem almenningur hefur hindrunarlausan aðgang að auki gagnsæi, launajafnrétti og leiði til bættra skattskila og dragi úr undanskotum. Miðstjórn ASÍ hefur áður ályktað um mikilvægi opinberrar álagningarskrár en í ályktun miðstjórnar um gagnsæi gegn misskiptingu frá 28. ágúst 2019 segir m.a.:

„Það er afar brýnt að allir landsmenn greiði skatta og gjöld til samfélagsins óháð uppruna tekna, svo sem arðgreiðslur úr fyrirtækjum eða fjármagnstekjur. Upplýsingar um slíkt þurfa að vera aðgengilegar og gagnsæjar. Miðstjórn ASÍ hvetur Alþingi jafnframt til að samþykkja að birta álagningarskrár með rafrænum hætti, þar sem birtir eru allir álagðir skattar, þannig að aðgengi að þessum samfélagslega mikilvægu upplýsingum sé tryggt“

ASÍ tekur undir markmið tillögunar og hvetur til þess að málið nái fram að ganga.

f.h. Alþýðusambands Íslands
Róbert Farestveit
Hagfræðingur

¹ Sjá <https://www.althingi.is/alttext/erindi/150/150-1386.pdf>